



## Mesta árshækkun launavísitölu í 5 ár

Launavísitalan hækkaði um 0,3% milli janúar og febrúar samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Síðustu 12 mánuði hefur launavísitalan hækkað um 10,6%, sem er mesta ársbreyting frá því í ágúst 2016.

Í febrúar 2020 hækkaði launavísitalan um 0,1% og þá var ársbreytingin 4,8% þannig að launaþróunin er öllu hraðari nú en þá. Launavísitalan hækkaði um 3,7% í janúar vegna áfangahækkana í kjarasamningum og hefur nú hækkað um 4% samtals í upphafi árs. Ekki verður aftur um almennar launahækkunar ræða samkvæmt kjarasamningum fyrr en í janúar 2022 þannig að þess má vænta að mánaðarleg þróun launavísitölu verði með rólegra móti fram að því.

### Kaupmáttur launa enn í hæstu hæðum

Vísitala neysluverðs hækkaði 4,1% milli febrúarmánaða 2020 og 2021. Launavísitalan hækkaði um 10,6% á sama tímabili þannig að kaupmáttaraukningin á milli ára er mikil, eða 6,7%.


Kaupmáttur launa er því áfram mikill í sögulegu samhengi þrátt fyrir aukna verðbólgu á síðustu mánuðum. Kaupmáttarvísitala hefur aukist nokkuð í upphafi árs og var kaupmáttur launa í febrúar 3,3% meiri en í apríl 2020, þegar hann varð hæstur á síðasta ári.

### Opinberi markaðurinn hækkar meira

Sé litið á launabreytingar hjá stóru hópnum á vinnumarkaðnum frá 4. ársfjórðungi 2019 fram til sama tíma 2020 sést að launin á almenna markaðnum hækkuðu um 6,4% á þessum tíma og um 9,8% á þeim opinbera, 8,3% hjá ríkinu og 11,4% hjá sveitarfélögum. Mæld launavísitala hækkaði um 7,2% á sama tíma.


Opinberi markaðurinn hefur þannig verið meira leiðandi í launabreytingum á þessum tíma, enda voru kjarasamningar gerðir mun seinna á opinbera markaðnum en á þeim almenna. Á síðustu misserum myndaðist bil á milli launaþróunar á þessum tveimur mörkuðum þar sem kjarasamningar á opinbera markaðnum voru gerðir

12 mánaða hækkunartaktur launa




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launaþróun og kaupmáttur



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launaþróun hópa á vinnumarkaði á 4. ársfjórðungi 2020



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



mun seinna en á þeim almenna. Þetta bil hefur nú verið brúað að fullu og vel það. Þróun launa á opinbera og almenna markaðnum hefur alltaf verið með álíka hætti yfir lengra tímabil.

### Launabreytingar starfsstétta

Af starfsstéttum á almenna markaðnum hækkuðu laun verkafólks mest milli 4. ársfjórðunga 2019 og 2020, um 8,9%. Laun stjórnenda hækkuðu minnst á þessu tímabili, eða um 4%. Launavísitalan hækkaði um 7,2% á þessu tímabili þannig að laun verkafólks hafa hækkað mun meira en meðaltalið og laun stjórnenda verulega minna.

### Laun í atvinnugreinum

Meðal atvinnugreina á almenna markaðnum hækkuðu laun á 4. ársfjórðungi mest milli ára í veitustarfsemi, um 10,4%, og minnst í byggingum og mannvirkjagerð, um 4,5%. Það lítur því út fyrir að minni umsvif í byggingarstarfsemi hafi minnkað launaþrýsting í þeim greinum.

### Launaþróun hagstæð en veikur vinnumarkaður


Atvinnuleysi jókst mikið á síðustu mánuðum ársins 2020, en hefur væntanlega náð hámarki og er farið að lækka eilítið aftur. Skráð almennt atvinnuleysi var 11,4% í febrúar og atvinnuleysi vegna hlutabóta 1,1%. Heildaratvinnuleysi var því 12,5% í febrúar og lækkaði um 0,3 prósentustig frá janúar.

Óvissa um þróun hagkerfisins og baráttuna við veirufaraldurinn er enn til staðar og þróun atvinnustigs er óneitanlega nátengt árangri á þeim sviðum. Því miður er líklegt að atvinnuleysi verði áfram meira á næstu mánuðum en við eigum að venjast.


Ef horft er á launaþróun í fyrri kreppum má sjá að sú jákvæða launaþróun sem við sjáum nú er ekki beint í takt við slakan vinnumarkað. Launahækkanir nú í byrjun árs hafa verið miklar og kaupmáttarstig sögulega hátt.

Þessi staða er dálítið sérstök og ný í íslenskrari hagsögu. Í kreppum til þessa hefur kaupmáttur launa yfirleitt lækkað verulega, en atvinnustigið haldið nokkuð vel. Lengi vel tókst okkur að vernda atvinnustigið í kreppum en á kostnað hærri verðbólgu. Í síðustu tveimur kreppum hefur orðið breyting á hvað það varðar.


### Launaþróun á tveimur mörkuðum



### Launaþróun eftir starfsstéttum - breyting á 4. ársfj. 2020



### Launaþróun eftir atvinnugreinum - breyting á 4. ársfj. 2020





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.